



## 10. fundur í aðalstjórn Aftureldingar miðvikudaginn 1. mars 2017

---

Haldinn á skrifstofu Aftureldingar að Varmá kl. 18:15

Mætt: Dagný Kristinsdóttir (DK), Birna Kristín Jónsdóttir (BJ), Einar Grétarsson (EG), Ólafur Thoroddsen (ÓTh), Krístrún Kristjánsdóttir (KK), Geirarður Long (GL), Anna Fríða Magnúsdóttir (AFM) og Jón Júlíus Karlsson (JK) framkvæmdastjóri.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

### 1. Málefni skrifstofu

Staða á skrifstofu rædd. Jón Júlíus lagði fram þá tillögu að hann tæki við fjármálum fram á vorið þar sem Ester hefur sagt upp störfum og á meðan ynni hann í samvinnu við aðalstjórn að því að móta framtíðarsýn á skrifstofu.

### 2. Stefnumótun félagsins

Stefnumótun rædd. Framkvæmdastjóri hefur hitt þá aðila sem ætlar að stýra stefnumótuninni með okkur.

Farið yfir hvað þarf að gera.

- Aðalstjórn þarf að hittast með þessum aðilum þar sem framtíðarsýn stjórnarinnar er til umræðu.
- Halda þarf fundi með stjórnarfólki og þjálfurum í apríl. Framkvæmdastjóri tekur að sér að finna dagsetningu.

### 3. Aðalfundur

Skv. lögum félagsins þarf að auglýsa aðalfundinn opinberlega með 4 vikna fyrirvara. Ákveðið á síðasta fundi að halda hann 30.mars næstkomandi.

Setja þarf að auglýsingu á facebook og heimasíðu og senda inn auglýsingu í næsta Mosfelling.

Staðsetning: FMos

Tímasetning: Kl: 18.00 30.mars

Heiðursviðurkenningar: Framkvæmdastjóri og Geirarður vinna að þessu í sameiningu.

Sendu póst á formenn.

Hugmyndir að fundarstjóra, fundarritara og veitingum rædd.

Framboð til stjórnar og lagabreytingar þurfa að hafa borist eigi síðar en 2 vikum fyrir fund, sem er 16.mars.

#### 4. Málefni deildar

Formannafundur verður haldinn 17. febrúar

#### 5. Önnur mál

Handknattleiksdeild hefur vísað til aðalstjórnar beiðni um endurnýjun á gólfi í sal 1 og 2. Samþykkt að handknattleiksdeildin verði beðin um að útbúa úttektarskýrslu og koma með tillögur að nýju gólfefni, sambærilegu og knattspyrnudeild gerði um áramót.

Formaður upplýsti um stöðu mála varðandi knattspyrnuáðstöðu. Verið er að kostnaðargreina hugmyndir knattspyrnudeildar. Formaður og framkvæmdastjóri fara á fund með bæjaryfirvöldum þegar niðurstöður kostnaðargreiningar liggja fyrir.

Fundi slitið kl 19.45  
Kristrún Kristjánsdóttir  
(sign).